

INGIBJÖRG ELSA GUÐMUNSDÓTTIR

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS Á  
ÁTTUNDA STARFSÁRI

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Þjónustusamningur sá sem starfsemi FA byggist á rennur út um áramót og er unnið að endurnýjun hans til 5 ára. Þau markverðu tíðindi urðu á árinu að lög voru sett um framhaldsfræðslu og byggjast þau á því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi FA á undanförunum árum. Jafnframt var samþykktum FA breytt á árinu og BSRB, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga urðu aðilar að FA. Afleiðingar efnahagshrunsins hafa áfram sett mark sitt á starfsemi ársins. Samstarfshópur um menntunarræði hélt áfram starfi sínu, unnið var að því að aðlaga námsleiðir FA fyrir atvinnuleitendur og náms- og starfsráðgjöf hjá samstarfsaðilum FA hefur í síauknum mæli verið nýtt af atvinnuleitendum. Árið einkenndist af miklum vexti í framhaldsfræðslu hjá samstarfsaðilum FA og ekki hefur áður verið úthlutað meira fé til starfseminnar. Hafin er vinna við að skoða aðlögun framhaldsfræðslu að þrepaskiptu námi og íslenska viðmiðarammanum ásamt aðlögun starfsins að lögum um framhaldsfræðslu. Segja má að raunfærnimat hafi fest sig í sessi í iðngreinum en á árinu hófst yfirfærsla yfir í nýjar starfsgreinar og er mikið starf óunnið á þeim vettvangi.

Starfsemi FA byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi frá 2003. Á aðalfundi 6. maí sl. var staðfest aðkoma opinberra aðila á vinnumarkaði að FA með nýjum samþykktum fyrir starfsemina. Sl. haust var þjónustusamningurinn endurnýjaður til eins árs og samningaviðræður eru í gangi milli samningsaðila um 5 ára samning á grundvelli nýrra laga um framhaldsfræðslu. Á tímabilinu hefur verkefnum fjölgað verulega og mikil aukning verið í starfsemi bæði FA og símenntunarmiðstöðvanna.

Markhópur starfseminnar er fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir samþærligir hópar.

## LÖG UM FRAMHALDSFRÆÐSLU

Lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi 31. mars 2010. Þessum lögum er ætlað að vera fimmta stoðin undir menntakerfið á Íslandi. Um er að ræða rammalöggjöf sem byggist að miklu leyti á því starfi sem fram hefur farið á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Lögin gera ráð fyrir aðild BSRB og þeirra atvinnurekenda, sem eru fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, að starfi FA. En aðild þessara aðila að FA var staðfest með nýjum samþykktum á aðalfundi FA 6. maí sl.

Ýmislegt í lögnum horfir til bóta í námi fullorðinna. Þar ber fyrst að nefna lagagrundvöll undir þátttöku ríkissjóðs í

kostnaði vegna framhaldsfræðslu og fyrir einingamati en einnig skilyrði um viðurkenningu fræðsluaðila, námsskrár, upplýsingaskyldu og árangursmat fræðsluáðila og möguleika fullorðinna á einingabæru námi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

Vegna aðkomu opinberra aðila samþykkti Alþingi aukilið fjárframlag til starfseminnar. Sérfræðingar FA hafa tekið þátt í starfi vinnuhópa á vegum menntamálaráðuneytisins við innleiðingu laganna og setningu reglugerða.

SAMSTARFSHÓPUR UM  
MENNTUNARRÆÐI

Þau straumhvörf, sem urðu í atvinnulífi Íslendinga á haustmánuðum 2008, settu áfram svip sinn á starfsemi ársins 2009–2010. Samstarfshópur um menntunarræði fyrir atvinnuleitendur fundaði 12 sinnum á árinu. Hópurinn er samsettur af fulltrúum ASÍ, SA, BSRB, menntamálaráðuneytis, Vinnuálastofnunar, fræðsluáðila, fræðslusjóða og Starfsmenntaráðs.

## VINNUHÓPUR UM UNGA ATVINNULEITENDUR – VIRKNI ÞEIRRA OG MENNTUN

Félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra settu á fót vinnuhóp í september 2009 til



Nýjar samþykktir um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins voru undirritaðar á árinu 2010 þegar BSRB, Samband Íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið urðu aðilar að félaginu auk Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

að fara yfir aðgerðir til að virkja atvinnuleitendur, nám sem þeim stendur til boða og gera tillögur um úrbætur.

Vinnuhópnum var falið að kanna aðstæður atvinnulausra eftir því sem kostur er og greina menntunarstöðu þeirra, auk þess að endurskoða menntunarúrræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa og kanna leiðir til að auka virkni og fjölga námsframboðum. Loks var gerð tilraun til að meta hvort gera þurfi auknar virknikröfur til atvinnulausra m.a. um samfélagsþjónustu og sjálfbodaðastörf.

Hópurinn var settur á laggirnar í ljósi þess að atvinnuleysi hafði nær fjórfaldast á einu ári en það var ný staða í íslensku efnahagslífi. Þeim sem höfðu verið án atvinnu í meira en sex mánuði og því skilgreindir sem langtímaatvinnulausir fjölgaði ört og voru rúmlega helmingur atvinnulausra. Yfir 30% þessa hóps voru undir þritugu. Upplýsingar af atvinnuleysis-skrá sýna einnig að um helmingur atvinnulausra hefur aðeins grunnskólapróf.

Vinnuhópurinn skilaði skýrslu í nóvember 2009: „Ungt fólk án atvinnu, virkni þess og menntun“. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sat í vinnuhópnum fyrir hönd FA.

Í framhaldi af þessu starfi tók Ingibjörg þátt í viðræðum milli Kvasis og Vinnumálastofnunar um samning þess efnis að nota megi námsleiðir FA fyrir atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar enda verði starfsþjálfun skipulögð með námsleiðunum.

## HUGTAKAHÓPUR

Hópur um skilgreiningar hugtaka í fullorðinsfræðslu hefur verið starfandi hjá FA frá upphafi. Árið 2009 var ákveðið að víkka hópin út og bjóða til þátttöku fleiri aðilum, frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og menntamálaráðuneytinu. Hópurinn ákvað að beita sér fyrir þýðingu á orðaskrá um evrópska menntastefnu og fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu til verksins. Elísabet Gunnarsdóttir var ráðin sem þýðandi en hópurinn vann með henni. Verkinu var skilað til menntamálaráðuneytisins 6. október 2009. Orðalistinn var færður inn í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar á árinu.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR VIÐ  
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Allir þjónustusamningarnir, sem gerðir hafa verið við menntamálaráðuneytið, eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni, Mímir–símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

- 1 Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem veitt er fé til hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.
- 2 Í öðru lagi verkefnum sem FA annast.
- 3 Í þriðja lagi verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem eru fjármögnuð með öðrum hætti.

## 1 Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar á fimmta ár. Framlag til miðstöðvanna greinist í fjóra hluta og verður gerð grein fyrir þeim hverjum fyrir sig.

1. Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.
2. Framlag til símenntunarmiðstöðvanna vegna náms- og starfsráðgjafar.
3. Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina.
4. Framlag úr sérstökum sjóði til raunfærnimats og ráðgjafar.

## 1.1 Framlag til vottaðra námsleiða

Árið 2009 voru greiddar um 297,3 milljónir króna til vottaðra námsleiða, sambærileg upphæð fyrir 2008 er um 163 milljónir króna. Alls sóttu 1.973 nemendur nám í 253.171 nemendastund árið 2009. Áætlaður fjöldi eininga er 20.041. Einingaverðið (á vorönn) er því u.þ.b 14.800 krónur.

Um 62% þátttakenda voru á landsbyggðinni en 38% sóttu námið hjá Mími–símenntun á höfuðborgarsvæðinu. Aukning í vottuðu námi í nemendastundum er 72% milli ára 2008 og 2009.

Tafla 1. Upplýsingar um vottaðar námsleiðir 2008 og 2009

	Fjöldi nám-skeiða	Fjöldi þátt-takenda	Fjöldi nemenda-stunda	Fjöldi lokinna eininga	Fjármagn í krónum
2008	118	1.509	147.237	11.414	163.423.905
2009	168	1.973	253.171	20.041	297.263.239
Samtals	286	3.482	400.408	31.455	460.687.144

Nokkuð er um að vottað nám sé greitt af öðrum en FA og gefur næsta mynd yfirsýn yfir þróun vottaðs náms. Þegar bornar eru saman tölur á milli ára 2008 og 2009 sést að vottað nám greitt af FA eykst mjög mikið á milli ára á meðan annað einingabært nám fyrir markhóp FA dregst lítillega saman.


## 1.2 Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum

Árið 2009 var áætlað að nota 52,7 milljónir kr. til náms- og starfsráðgjafar samkvæmt reiknilíkani. Þá var einnig úthlutað tæplega 38,4 milljónum úr sérstökum sjóði vegna raunfærnimats og ráðgjafar og 1,9 milljón úr sjóði vegna erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Samtals var því úthlutað tæplega 93 milljónum í náms- og starfsráðgjöf á árinu 2009. Árið 2010 eru til ráðstöfunar í náms- og starfsráðgjöf 55,3 milljónir en auk þess geta fræðsluaðilar sótt um fjármagn í sérstakan sjóð fyrir náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.


Á árinu 2009 voru haldnir 252 kynningarfundir í 202 fyrirtækjum og stofnunum. Fundina sóttu 3.003 einstaklingar og komu 1.147 í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í framhaldi af kynningarfundum þegar verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað fór af stað árið 2007 fóru flestir kynningarfundir fram hjá fyrirtækjum en í dag eru ráðgjafar í meira mæli að kynna þessa þjónustu á fjölbreyttari vettvangi. Sjá mynd Kynningar og viðtöl 2009.

Árið 2009 var heildarfjöldi viðtala 5.469, þar af var fjöldi þeirra sem tók þátt í hópráðgjöf 1.704. Endurkomur voru 1.869. Meðalverð, sem FA greiddi fyrir hvert viðtal á árinu, var rúmar 12 þúsund krónur. Átta af símenntunarmið-

Mynd 1. Nemendastundir – allt vottað nám fyrir markhópinn



Mynd 2. Kynningar og viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum árið 2009




stöðvunum tíu náðu markmiðum sínum í viðtölum í náms- og starfsráðgjöfinni. Sjá mynd, Markmið og árangur 2009.

Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala árið 2009 var 5.469 viðtöl á móti 2.799 árið 2008 eða 95% aukning. Allar 10 miðstöðv-arnar náðu að auka fjölda viðtala á milli ára en á árinu 2008

náði helmingur þeirra þeim árangri. Aukningin var mest hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) en af þessum 1.375 viðtölum sem MSS tók á árinu 2009 var 1.081 einstaklingur tekinn í hópráðgjöf.

Mynd 3. Ráðgjafaviðtöl 2009 – markmið og árangur



Tafla 2. Niðurstöður raunfærnimats 2009

Fræðsluadili	Fjöldi einstakl.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Árangursviðmið	Fjármagn	Verð pr. einingu
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	34	498	435	470	3.324.000	7.641
IÐUNN fræðslusetur	171	7.496	6.236	5.852	45.640.000	7.319
Samtals	205	7.994	6.671	6.322	48.964.000	7.340

### 1.3 Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina

Árið 2010 er fjórða árið sem fjármagni er veitt til fræðslumiðstöðva iðngreina til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats í iðngreinum fyrir þá sem hófu nám í iðngrein en luku ekki en hafa haldið áfram starfi í greininni.

Til þessa starfs var veitt 31,1 milljón á árinu 2008. Hins vegar kom til viðbótarfjármagn á árinu vegna nýja viðaukasamningsins. Heildarupphæðin var því 51.165.000 kr. á árinu og skiptist hún í 32.241.000 vegna raunfærnimats og 20.924.000 vegna ráðgjafar. Á árinu 2009 var samþæring upphæð 75.327.000 kr. eða aukning um 47% og skiptist upphæðin í 48.964.000 kr. vegna raunfærnimats og 26.363.000 kr. vegna ráðgjafar. Í raunfærnimati var skipting fjármuna eftirfarandi, 15.424.000 kr. af föstu framlagi FA en 33.540.000 úr sérstökum sjóði um ráðgjöf og raunfærnimat.

Í ráðgjöfinni var skipting fjármuna eftirfarandi, 9.118.000 kr. í fast framlag en 17.245.000 vegna viðtala einstaklinga.

### Raunfærnimat

Í iðngreinum hefur raunfærnimat fest sig í sessi og virðist að mestu ríkja sátt um framkvæmd milli skóla og atvinnulífs. Mikil aðsókn í þetta úrræði einkenndi árið 2009 og einnig fjölgaði þeim löggiltu iðngreinum þar sem boðið er upp á raunfærnimat. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2009 var 6.671 á móti 4.774 árið 2008 eða 40% aukning á milli ára. Verð á hverja staðna einingu var 7.340 krónur að meðaltali.

Alls fóru 205 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum á árinu 2009, 171 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 34 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Meðaltal staðinna eininga á mann er 32,5 en eru eftir greinum frá 10 einingum í matarækni til tæplega 57 eininga í vélvirkjun. Það er mismunandi hversu margar einingar voru undir í mati hverju sinni, bæði eftir einstaklingum og greinum. Tafla 3 sýnir árangurinn í hverri grein fyrir sig.

### Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum löggilttra iðngreina snerist mjög mikið um raunfærnimat. Mikil aukning er einnig í ráðgjöf við atvinnuleitendur. Heildarfjöldi viðtala var

1.298. ÍÐAN fræðslusetur tók 1.068 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tók 230 viðtöl. Sjá töflu 4.

#### 1.4 Sérstakur sjóður til raunfærnimats og ráðgjafar

Á grundvelli viðaukasamninga haustið 2008 var í áætlunum fyrir árið 2009 gert ráð fyrir að gefa samstarfsaðilum FA kost á að sækja um fé til raunfærnimatsverkefna. Stjórn FA samþykkti í fjárhagsáætlun að veita til verkefna í raunfærnimati og til náms- og starfsráðgjafar til viðbótar við greiðslulíkön 90.000.000 kr.

Niðurstöður úthlutunar árið 2009 urðu eftirfarandi: Í náms- og starfsráðgjöf var veitt 47.053.005 kr., þar af 8.127.000 til ráðgjafar í löggiltum iðngreinum og 38.926.005 kr. til ráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum. Um áramót hafði ekki verið framkvæmt fyrir 542.500 kr. sem var endurgreitt og flutt í verkefnasjóð. Einnig var veitt fé til Visku í Vestmannaeyjum til að gera kynningarefni á geisladiskum á námsráðgjöf fyrir sjómenn, alls 977.445 kr. Verkefninu var lokið á árinu 2010.

Til verkefna í raunfærnimati var veitt 41.430.000 kr., þar af 33.540.000 til raunfærnimats í löggiltum iðngreinum og 7.890.000 til tveggja verkefna utan iðngreina. Hér var um að ræða raunfærnimat fyrir leikskólaliða þar sem metið er á móti námsskrá frá menntamálaráðuneyti og raunfærnimat á móti námsskrá um Verslunarfagnám frá FA. Fyrri verkefninu lauk á árinu 2010 og fyrirhugað er að því síðara ljúki einnig á árinu. Loks var fé veitt til gátlistagerðar í löggiltum iðngreinum, 539.550 kr., og er því verkefni lokið.

## 2 Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum

Viðtækt samstarf hefur tekist við flesta þá aðila sem starfa að fræðslumálum á vegum ASÍ og SA. Allir skilgreindir samstarfsaðilar hafa komið til samstarfs á þeim árum sem liðin eru frá stofnun FA, þ.e. allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir–símenntun, fræðslumiðstöðvar iðngreina, fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Starfsafl og Fræðslusjóður verslunar- og skrifstofufólks. Mikil þátttaka hefur einnig verið frá baklandi ASÍ og SA í samstarfs-

Tafla 3. Niðurstöður raunfærnimats 2009 – skipting eftir starfsgreinum

Iðngrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi matsamtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðatal staðinna eininga pr. einstakling
Blikksmiði	10	40	408	412	41,2
Framleiðsla	3	6	122	76	25,3
Hárgreiðsla	2	32	59	59	29,5
Húsasmiði	60	238	2.785	2.266	37,8
Málaraiðn	17	68	576	396	23,3
Matartækni	10	28	264	96	9,6
Pípulögn	28	112	986	737	26,3
Rafvirkjun	34	232	498	435	12,8
Stálsmiði	11	32	541	496	45,1
Vélvirkjun	30	129	1.755	1.698	56,6

verkefnum, ber þar einkum að nefna SGS, VR, SAF og SVP. Með aðkomu BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins að starfsemi FA stækkar enn sá hópur sem verður í samstarfi við FA. Á haustmánuðum 2010 er verið að móta þetta samstarf.

Starfsemin hefur nú verið fjögur ár í Skeifunni 8, 2. hæð. Ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigja eftirtaldir aðilar húsnæði af FA: Mímir–símenntun, Háskólinn á Bifröst, Fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt.

Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Jafnframt er reynt að ná samlegðaráhrifum í þjónustu samstarfsaðilanna. Auk ofangreindra aðila leigir lítið fyrirtækið aðstöðu í húsnæði FA.

Þjónustusamningar við samstarfsaðila FA voru framlengdir um eitt ár í ársbyrjun 2010 á grundvelli þjónustusamnings um starfsemi FA. Samningsaðilar eru allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir–símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

### 2.1 Nýjar námsleiðir

Unnið var að skrifum þriggja 60 kennslustunda námsskráa fyrir enskunám. Áður en kom til lokayfirferðar fyrir mat var ákveðið að endurskrifa námsskrárnar með hliðsjón af íslenska viðmiðarammanum. Námsskrárnar voru síðan, af kennslufræðilegum ástæðum og hagkvæmniástæðum, settar í eitt hefti og þær lagðar þannig fyrir matsnefnd undir

heitinu „Sterkari starfsmaður, Nám og þjálfun í ensku 1., 2. og 3. þrep“. Í heftinu er lýst 54 klukkustunda (81 kennslustunda) námslotum. Námskránnar fylgja viðmiðinu „Erlend mál útfærsla 2 – lærdómsviðmið“ sem er birt á vefnum nymenntastefna.is.

Námsskrá fyrir nám í meðferð matvæla var skrifuð og frágengin með tilraunakennslu í huga.

Námsleið til undirbúnings náms í frumgreinadeild er 600 kennslustunda nám. Stofn námsleiðarinnar er unninn úr námsskránum Grunnenntaskóli og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Kennslustundum í nokkrum námsþáttum er fækkað og kennslustundum til valgreina varið til að fjölga kennslustundum í íslensku, ensku og stærðfræði. Breytingarnar eru innan þeirra marka sem sett eru um breytingar af þessu tagi á námsskrám FA. Breytingarnar voru unnar að frumkvæði Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum sem hefur boðið nám samkvæmt þessu fyrirkomulagi til undirbúnings háskólabróu Keilis. Fleiri símenntunarmiðstöðvar hafa einnig gert það. Aukin eftirspurn leiðir til þess að nauðsynlegt reynist að fá metna sérstaka námsskrá fyrir nám samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Í undirbúningi er samstarf við fleiri frumgreinadeildir um undirbúningsnám.

Tillaga var gerð að nýjum námsleiðum fyrir ungt fólk. Tillaga var gerð um námsferil sem hefst með náms- og starfsráðgjöf á undan námsskrám FA. Eftir það verði kostur á ýmsum námsleiðum s.s. Sterkari starfsmaður, Grunnenntaskóli, Færni í ferðaþjónustu I og II og Leikskólaliðar. Í framhaldi af námsleið eða samhliða henni verði starfsþjálfun.

Ekki voru gefnar út nýjar námsskrár á árinu en 7 námsskrár voru endurprentaðar: Færni í ferðaþjónustu 1 og 2, Trúnaðarmannanámskeið 1 og 2, Grunnenntaskólinn, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og Öryggisverðir.

Skjámyndir vegna útgefna námsskráa á vef FA, [www.frae.is](http://www.frae.is), voru endurnýjaðar. Krækjur í prentvænar útgáfur námsskráanna á vefnum voru endurbættar.

Unnið var að því á árinu að greina þekkingarþörf og laga umhverfi dyra- og öryggisvarða. Það verkefni er unnið fyrir Starfsgreinasamband Íslands og á árinu 2009 var að mestu lokið vinnu með rýnihópum og fundum með álitsgjöfum. Stýrihópur er starfandi fyrir verkefnið með aðkomu hagsmunaaðila og gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á haustmánuðum.

Á árinu hófst einnig undirbúningur að mótun heildstæðs náms í ferðaþjónustu á vegum samstarfshóps Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar en FA heldur utan um verkefnisstjórn þessa verkefnis.

### Rannsókn á tveimur námsleiðum

Á árinu 2009 var unnin rannsókn á árangri tveggja námsleiða sem FA gefur út fyrir fólk með lestrar- og skriftarerfiðleika, Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun. Þátttakendur í rannsókninni voru allir þeir sem sótt hafa þessi námskeið á starfstíma FA, alls 507 einstaklingar. Niðurstöður voru birtar í skýrslu sem er aðgengileg á vef FA. Einnig var gerð grein fyrir rannsókninni og niðurstöðum í Gátt og á ársfundum FA í nóvember 2009.

Verkefnið hlaut styrk frá Starfsmenntaráði og var unnið í samstarfi við Félag lesblindra, Mími–símenntun og Kvasi. Svörun var mjög góð eða yfir 70% og niðurstöður sýna að þátttakendur eru mjög ánægðir með bæði þessi námskeið og að þau hafa haft mikið að segja fyrir einstaklingana. Meðal þess sem fram kemur í rannsókninni er að 59% þeirra sem tóku Aftur í nám og 34% þeirra sem tóku Skref til sjálfshjálpar hafa farið í frekara nám eftir að þeir luku námsleiðunum og fleiri hyggja á nám á næstunni. Margir lýstu einnig áhuga á framhaldsnámskeiði eða 83%. Hjá FA er hafinn undirbúningur námsskrár sem hentað getur sem viðbótarnám á þessu sviði.

### Gæði náms

Eitt af hlutverkum Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum og gerir FA kröfu til samstarfsaðila sinna um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum um gæði í framkvæmd og kennslu. Í nýtilkomnum lögum um framhaldsfræðslu er innra gæðamat og tilvist gæðakerfa skilyrði fyrir viðurkenningu fræðsluaðila til að annast framhaldsfræðslu. Auk þess boða lögin úttektir á framkvæmd fræðslunnar.

Sem lið í að auka gæði og til að styðja fræðsluaðila við að uppfylla skilyrði laganna hefur FA á liðnu ári kynnt sjálfsmatskerfi og vottunarferli fyrir fræðsluaðila (EQM, European Quality Mark) sem hannað var í gegnum samstarfsverkefnið RECALL (stýrt af FA). EQM er ætlað til vottunar fræðsluaðila

Tafla 4. Fjármagn til fræðslumiðstöðva iðngreina 2009

	Fjöldi viðtala	Árangursmarkmið	Fé til ráðgjafar með föstu framlagi	Kostnaður á viðtal með föstu framlagi	Fé til ráðgjafar án fasts framlags	Kostnaður á viðtal án fasts framlags
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	230	240	6.136.000	26.678	3.068.000	13.339
ÍÐAN fræðslusetur	1.068	1.068	20.227.000	18.939	14.177.000	13.274
Samtals	<b>1.298</b>	<b>1.308</b>	<b>26.363.000</b>	<b>20.310</b>	<b>17.245.000</b>	<b>13.286</b>

og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla fullorðinsfræðsluaðila í huga utan hins formlega skólakerfis. Vottunarferlið er ekki enn til staðar þar sem enginn vottunaraðili hefur verið útnefndur en sjálfsmatskerfið er gagnlegt til eflingar innra starfs og gæða.

EQM var kynnt fyrir fræðsluaðilum á haustfundi Kvasis í október 2009. Í framhaldi af þeirri kynningu sýndu margar símenntunarmiðstöðvar því áhuga að fara í gegnum sjálfsmat á forsendum EQM. Til að styðja við þá vinnu hefur starfsmaður frá FA tekið þátt í vinnufundum um gæðamál og sjálfsmat hjá þremur fræðsluaðilum.

Þó svo vottunarferlið sé ekki enn til staðar hafa fræðsluaðilar innan samstarfsnets FA séð sér hag í því að nýta sér sjálfsmatskerfið til að byggja upp innra gæðastarf og til að vera reiðubúin ytra gæðamati þegar þar að kemur.

Allar upplýsingar um sjálfsmatkerfið og vottunarferlið má finna á íslensku á vefsíðunni [www.europeanqualitymark.org](http://www.europeanqualitymark.org). Einnig má finna krækju (EQM) á vef FA.

## NÁMSNETIÐ

Í janúar 2010 hóf Studia, sem á og viðheldur Námsnetinu, vinnu við sérstakt vinnusvæði fyrir náms- og starfsráðgjafa fræðslustofnana sem hafa samning við FA. Á vinnusvæðinu eru skráðar upplýsingar um vinnustaðaheimsóknir og einka-viðtöl náms- og starfsráðgjafa.

Í apríl hóf Studia vinnu við vinnusvæði sem er undir sérstökum hnappi: Bekkir/Hópar. Vinnusvæðið er hannað með það fyrir augum að Námsnetið henti betur til skipulags og umsýslu upplýsinga vegna brautanáms á vegum fræðslustofnana sem hafa samning við FA. Enn fremur er gert ráð

fyrir að þetta vinnusvæði geti stofnanir sem sjá um raunfærnimat notað til skipulags og umsýslu brautanáms. Frá þessu vinnusvæði verða síðar send gögn í SKINNU.

## 2.2. Þróun mats á raunfærni

Það virðist að mestu ríkja sátt um framkvæmd raunfærnimats og þá aðferðafræði sem notuð er. Samstarf og samræður hafa verið lykillinn að þessum árangri auk þess sem fjármagni hefur verið stýrt með þeim hætti að það gerir kröfu um samstarf milli formlega skólakerfisins og fullorðinsfræðsluaðila.

Við vinnu vegna raunfærnimats hefur FA haft að leiðarljósi:

- Að skapa sátt um framkvæmd milli hagsmunaaðila.
- Að tryggja faglega framkvæmd en halda kostnaði í lágmarki.
- Að þekking, sem metin er með raunfærnimati, hafi sama vægi og þekking sem aflað er innan skólakerfisins.

Enn er aðeins boðið upp á raunfærnimat í afmörkuðum geirum. Í iðngreinum hefur raunfærnimat fest sig í sessi sem viðurkennd leið til að meta þekkingu en segja má að mat í öðrum greinum sé enn á tilraunastigi. Víða er vinna enn ekki hafin. Í auknum mæli hefur verið boðið upp á raunfærnimat á landsbyggðinni og nú er svo komið að flestar símenntunarmiðstöðvar hafa haft beina aðkomu að framkvæmd raunfærnimats. Þannig er þekkingin á framkvæmd að breiðast út.

Frá upphafi hefur verið horft til leiðbeininga frá Evrópu við þróun raunfærnimats á Íslandi. Árið 2009 komu út endur-

skoðaðar leiðbeiningar frá CEDEFOP og er mikilvægt að nýta þær til frekari þróunar hér á landi. Þar er meðal annars lögð áhersla á:

- réttindi þess sem fer í raunfærnimat
- að gæði séu tryggð og stór þáttur í því er þjálfun matsaðila
- hlutverk hagsmunaaðila
- stuðning við þátttakendur.

Þrátt fyrir mikinn áhuga hér á landi á raunfærnimati þá hefur áhersla FA verið á gæði en ekki magn. Mikilvægt er að reynsla þeirra sem koma að framkvæmd raunfærnimatsverkefna sé jákvæð og tiltrú á raunfærnimati eflað með þeim hætti. Þannig skapast gott orðspor og traust. Það má kalla þetta hægfara markaðssetningu en FA telur að hún sé líkleg til árangurs.

### Lög um framhaldsfræðslu

Í samningi sem gerður var við mennta- og menningar- málaráðuneytið árið 2006 var kveðið á um að FA skyldi þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við ráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga.

Í lögnum um framhaldsfræðslu er meðal annars fjallað um raunfærnimat og í 2. grein kemur fram að markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögnum sé m.a.:

- að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis
- að stuðla að því að nám og reynsla, sem aflað er utan hins formlega skólakerfis, verði metin að verðleikum.

Þá er í lögnum skilgreining á orðinu raunfærnimat og er hún eftirfarandi:

Skipulagt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklingsins. Matið getur byggt á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.

Áttunda grein laganna fjallar sérstaklega um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Hún snýr að rétti til að gangast undir raunfærnimat og að þeim sem hyggjast leggja stund á nám, sem byggist á lögum um framhaldsfræðslu, standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Í stuttu máli er kveðið á um að þeir sem hafa stutta skólagöngu og hyggjast leggja stund á nám sem byggt er á lögum um framhaldsfræðslu eða lögum um framhaldsskóla eigi rétt á því að raunfærni þeirra sé metin.

Framhaldsfræðslulögin tóku gildi þann fyrsta október og reglugerð er í smíðum hjá ráðuneytinu varðandi þau. Þann 9. mars sl. voru sendar ábendingar frá FA til ráðuneytisins um atriði sem mikilvægt er að huga að við reglugerðarsmið. Þær ábendingar sneru að skráningu eininga að loknu raunfærnimati, áfrýjunarferli, skilgreiningu hagsmunaaðila, þjálfun matsaðila og mati á lífsleikni- og íþróttááföngum. FA á sæti í vinnuhópi á vegum ráðuneytisins um mótun reglugerðar um raunfærnimat.

### Aðkoma FA að nýjum verkefnum

Þegar auglýst var eftir umsóknum um raunfærnimatsverkefni árið 2009 var lögð áhersla á umsóknir í nýjum greinum. Af 13 umsóknum var 11 hafnað vegna þess að þær uppfylltu ekki útsend viðmið um aðferðafræði og/eða samstarf. Tvær uppfylltu viðmið og var samið um fjármagn til þeirra verkefna. Í framhaldi af þessari niðurstöðu fór fram endurmat á því hvernig FA kæmi að raunfærnimatsverkefnum þar sem þekking er ekki til staðar frá fyrri verkefnum og/eða um er að ræða nýjar starfsgreinar. Niðurstaðan er sú að FA hafi beina aðkomu að undirbúnings- og tengslavinnu nýrra verkefna. Markmið FA með aukinni aðkomu að nýjum raunfærnimatsverkefnum er að:

- Tryggja aðkomu hagsmunaaðila
- Tryggja aðferðafræði og gæði verkefna
- Upplýsa um möguleika á fjármagni og greiðslulíkan FA
- Tryggja yfirfærslu á þekkingu til nýrra aðila

Þetta hefur gengið ágætlega eftir, samstarf við framkvæmdaðila og hagsmunaaðila hefur gengið vel og samræmist þeirri stefnu sem FA hefur tekið að besta leiðin til að auka

tiltrú á raunfærnimati séu gæði verkefna og aðkoma allra hagsmunaðila.

### Þjálfun matsaðila

Í ágúst 2010 hafa 164 einstaklingar hlotið þjálfun sem fagaðilar í raunfærnimati frá því að FA hóf þjálfun í raunfærnimati. Námsefni og handbók um raunfærnimat hefur verið uppfært og nú liggja fyrir ýtarlegri hjálpargögn til að hafa til hliðsjónar við framkvæmd raunfærnimats.

### Raunfærnimat í iðngreinum – á móti námsskrám

Á árunum 2007 til 2009 hafa 492 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat í iðngreinum. Ef miðað er við að skólaárið skili að jafnaði 35 einingum til hvers einstaklings er fjöldi metinna skólaára orðinn 395 talsins.

Það vekur athygli að milli ára er hlutfall staðinna eininga á móti einingum til mats að aukast umtalsvert. Árið 2008 stóðust þátttakendur 64% af þeim áföngum sem þeir þreyttu raunfærnimat í en árið 2009 var þetta hlutfall orðið 83%.

Tafla 5. Einingar í raunfærnimati 2007–2009

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%

Hægt er að leiða líkur að því að með reynslu aukist færni hjá framkvæmdaaðilum í því að greina hver á erindi í raunfærnimat. Áætlaður meðalkostnaður við hverja raunfærnimatsmetna framhaldsskólalæingingu í iðngreinum var árið 2009 9.057 kr. Innifalin í þessari upphæð er kynning, vinna með þátttakendum í hópum, ráðgjöf, raunfærnimat og ráðgjöf að loknu mati.

### Raunfærnimat í öðrum greinum á móti námsskrám

Árið 2010 lauk raunfærnimati í Reykjavík og á Húsavík vegna leikskólalíða. Verkefnið var sérstakt að því leyti að hluti af því snerist um að meta persónulega færni. Árangur var ágætur en vegna þess hve fáar einingar voru til mats reyndist það fjárhagslega erfitt. Niðurstaðan er þó aðallega sú að ekki virðist vandkvæðum bundið að meta huglæga hluti.

Önnur verkefni, sem snúa að Verslunarfagnámi og Skrifstofubraut, voru sett af stað eftir áramót 2009 en þeim er ekki lokið.

### Raunfærnimat á móti viðmiðum í atvinnulífi

Haldið var áfram að raunfærnimeta þjónustufulltrúa og gjaldkera á móti viðmiðum sem mótuð voru í atvinnulífinu. Tveimur verkefnum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Akureyri, lauk árið 2010 en þegar hefur verið samið um framkvæmd á þremur verkefnum til viðbótar. Kostnaður vegna þessara verkefna er á árinu 2010 greiddur af SSF annars vegar og hins vegar af FA.

FA stýrir verkefni fyrir Félag tæknifólks í rafiðnaði. Markmiðið er að útbúa viðmið til að meta þekkingu tæknimanna sem vinna við hljóðvinnslu. Unnið er að þarfagreiningu á færni fyrir mismunandi þætti hljóðvinnslu. Þar er horft til evrópskra viðmiðarammans (EQF). Stefnt er að því að bjóða upp á raunfærnimat samkvæmt þessum viðmiðunum í nóvember 2010.

Þetta verkefni er hluti af REVOW-verkefninu (Viðurkenning á gildi starfa) og Félag tæknifólks í rafiðnaði er samstarfsaðili í því verkefni.

### Erlend samstarfsverkefni:

**OBSERVAL** Leonardo-verkefni 2008–2010. OBSERVAL verður gagnabanki um framvindu raunfærnimats í Evrópu. Verkefnið hlaut styrk Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Flest ríki þess eiga fulltrúa í verkefninu en auk þeirra eru Noregur og Ísland aðilar. Lokaráðstefna var haldin í október 2010 þar sem afurð verkefnisins var kynnt.

**Viðurkenning á gildi starfa (REVOW)** Leonardo-verkefni 2009–2011.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefni um raunfærnimat í atvinnulífinu ásamt samstarfsaðilum frá Danmörku, Írlandi og Grikklandi. Verkefnið snýst um að móta almennar færnikröfur starfa sem hægt er að yfirfæra á milli starfsgreina en undirviðmið um færni taka mið af viðkomandi grein. Unnið er að því að aðlaga færnikröfurnar að evrópska viðmiðarammanum.



Frá REVOW fundi í Dublin.

### Norrænt tengslanet um raunfærni á vegum NVL

FA á fulltrúa í norrænu sérfræðinganeti um raunfærnimat á vegum NVL (Nordisk Nettverk for Voksnes Læring). Hlutverk netsins er að: Móta stefnu og áherslur varðandi raunfærnimat á Norðurlöndum, ræða viðfangsefni auk þess að miðla og safna reynslu.

Á árinu 2009 kom út skýrsla um áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndum. Þar eru tilgreindir þeir 18 málaflokkar sem NVL-netið í raunfærnimati telur að huga þurfi sérstaklega að á næstu árum. Skýrslan mun verða lögð til grundvallar í starfi netsins á næstu árum ef fjármagni verður veitt til frekara starfs.

### 2.3 Þróun náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum og Mími-símenntun fimmta árið í röð og hjá IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fjórða árið í röð með samningum við FA. Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni ásamt því að þróa ráðgjöfina í samstarfi við þá. Það bar hæst á tímabilinu að gerður var samningur á milli Vinnu-málastofnunar, KVASIS, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Sambærilegur samningur var gerður við IÐUNA fræðslusetur. Ráðgjafar munu með þessum samningi taka þátt í að ná til atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hvetja þá til virkni.

Haldnir voru fjórir fræðslu- og samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum í samstarfsneti FA á sl. ári. Á þeim var m.a. fjallað um samstarf við Vinnumálastofnun vegna ráðgjafar fyrir atvinnuleitendur, samstarfssamning Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Kvasis vegna ráðgjafarþjónustu, Menntatorg, upplýsingaveitu fyrir atvinnuleitendur. Þá var farið yfir reynsluna af samstarfinu við Vinnumálastofnun og þá umgjörð sem því fylgir. Síðasti fundurinn hófst á hópeflisverkefni og myndband um ráðgjöf fyrir sjómenn var kynnt og að lokum var farið yfir skráningu upplýsinga úr ráðgjöfinni.

#### Samstarf við Vinnumálastofnun

Vegna aukins atvinnuleysis í samfélaginu og þörf á auknu samstarfi í þágu atvinnuleitenda hófst þróun samstarfs FA og Vinnumálastofnunar (VMST) haustið 2009. Samstarfið fór formlega í gang í nóvember 2009. Það gengur út á að ráðgjafar á vegum samstarfsaðila FA leggi VMST lið í því að þjónusta atvinnuleitendur og leiðbeina þeim við færniþróun. VMST beinir mánaðarlega ákveðnum hópi í ráðgjöf til samstarfsaðila FA á hverju svæði fyrir sig, skilgreindum eftir lengd atvinnuleysis og menntun. Ráðgjafarnir starfa í umboði VMST í því skyni að beina einstaklingum í skylduvirkni. Þetta verkefni er unnið samhliða áframhaldandi heimsóknum á vinnustaði og í stofnanir með viðtölum í kjölfarið á kynningarfundum eftir hefðbundinni nálgun ráðgjafanets FA.

Reynslugreiningar hafa verið gerðar á samstarfinu á fræðslufundum og niðurstöður nýttar til úrbóta í samvinnu við VMST.

#### Þróunarstarf

Áherslur í þróunarstarfinu á árinu tengdust að miklu leyti samstarfinu við Vinnumálastofnun og upplýsingum um vinnulag í því samhengi. Unnið er að skimunarlistum til notkunar í viðtölum með atvinnuleitendum í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Einnig er FA í samstarfi við Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SAENS) varðandi rannsókn um áhrif ráðgjafar og rödd notenda í ráðgjöf. Rannsóknin er styrkt af Norrænu tengslaneti í fullorðinsfræðslu og unnin af sérfræðingahópi frá öllum Norðurlöndunum. FA hefur komið að gerð spurningalista og haft umsjón með söfnun netfanga

notenda þjónustunnar sem býðst að taka þátt í rannsókninni. Þá hefur FA einnig haldið utan um umræðu um þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf í samstarfi við SAENS og HÍ.

FA á fulltrúa í tengslaneti NVL um ráðgjöf fyrir fullorðna.

#### 2.4 Kennslufræðinámskeið og ráðgjöf

Í þjónustusamningi er kveðið á um að þróa skuli aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópinn og miðla sérfræðipækkingu með ráðgjöf og kennslu. Þessu er sinnt með þróunarstarfi í samstarfi við ýmsa aðila, námskeiðahaldi fyrir samstarfsaðila, fræðslufundum, ráðgjöf og kynningu á vef og í Gátt.

Stíklur eru kennslufræðinámskeið sem hafa verið í boði frá upphafi starfsemi FA. Þau eru blanda af fræðilegum þáttum og hagnýtum æfingum og tengingum þar sem komið er til móts við fjölbreyttan hóp kennara og leiðbeinenda með mjög mismunandi bakgrunn. Á tímabilinu voru haldin 11 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir 269 þátttakendur, samtals 1.184 nemendastundir.

Áfram var unnið að því að þróa aðferðir, tækni og gögn um kennslufræði fullorðinna með þarfir markhóps FA að leiðarljósi. Nokkur ný námskeið og/eða námsefni fyrir þau var þróað í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Efni þeirra er um „erfiða nemendur“, fjölbreytilegt námsmat í fullorðinsfræðslu, lykilhæfnipætti og viðmiðaramma Evrópusambandsins (Key competences og EQF), samskiptavefi og aðra tækni sem nýtist okkar markhópi í námi. Nú þegar er búið að fella efni um þessa þætti inn í þau námskeið og fræðslufundi sem samstarfsaðilum FA standa til boða. Í þróun er efni um grunnleikni (basic skills) með áherslu á leiðir til að aðstoða fólk í læsisvanda í námi sínu.

Nú eru í boði 13 námskeið sem eru 7 kennslustundir hvert en má raða saman með mismunandi hætti eftir óskum samstarfsaðila. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á vef FA, [www.frae.is](http://www.frae.is), undir flípanum kennslufræði.

### Samningur um verkefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn

Verkefnum samkvæmt samningi sem gerður var við menntamálaráðuneytið um námsefni, námsskrár og þjálfun kennara í íslensku fyrir útlendinga í september 2008 er nú senn lokið. Á árinu hefur verið unnið að námsefni í íslensku fyrir útlendinga og það útbúið til notkunar á vef. Birting á vef er í bígerð á næstu mánuðum. Eftir er að halda námskeið fyrir kennara vegna framhaldsnámsskrár. Öðrum verkþáttum er lokið eða að hætt hefur verið við þá vegna samdráttar í ríkisfjármálum.

### 2.5 Söfnun og miðlun upplýsinga

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. Ársritið Gátt er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2009 fjallar um fullorðinsfræðslu í ljósi erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Ritnið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Það er notað til kennslu í fjórum háskólum, HÍ, HA, LHÍ og KHÍ. Einnig má finna Gátt á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is).

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 26. nóvember á Nordica Hilton hóteli undir yfirskriftinni „Úrræði til árangurs“. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í samstarfi við Landsskrifstofu menntaáætlunar ESB og var ráðstefna á vegum Landsskrifstofunnar haldin 27. nóvember undir sömu yfirskrift. Fundinn sátu um 150 manns. Dagskrá fundarins og myndskleið með erindum eru aðgengileg á vef FA, [www.frae.is](http://www.frae.is). Þar má einnig finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA, bæði námsskrár, ársritið Gátt, bæklinga o.fl.

### 3) ÖNNUR VERKEFNI FA

#### 3.1 NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samningur um að hýsa verkefnið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur sem tengilið fyrir Íslands hönd til ársloka 2012 gekk í gildi 1. júlí 2009.

Ísland hefur haft forgöngu um nokkur verkefni NVL. Meðal þeirra vinnu er norrænt net um notkun upplýsingatækni, Distans og verkefni um færniþróun, hvernig hægt er að mæta breytingum á vinnumarkaði með menntun. Þá hafa tveir íslenskir bakhópar starfað á tímabilinu, annar bakhópur fyrir NVL á Íslandi og hinn um raunfærnimat.

Distans-hópurinn hélt í aðdraganda stórrar ráðstefnu, sem NVL stóð fyrir í Kaupmannahöfn dagana 2. og 3. júní 2010 um hvatningu, röð 4 vefmálstofa um hvernig hægt er að beita tækni til þess að hvetja fullorðna til náms. Námsstefnurnar voru eingöngu með þátttöku á vefnum, til þess notaði hópurinn hugbúnað til fjarfundahalds, Connect Pro, sem hann er áskrifandi að. Alls tóku nær 170 manns þátt í málstofunum við góðan róm, flestir þátttakendur voru sem fyrr frá háskólum og opinberum stofnunum.

Hvað varðar færniþróunarverkefnið, þá er ætlunin að finna dæmi um fyrirmyndarverkefni í öllum norrænu löndunum um hvernig menntun hefur verið beitt til þess að takast á við breytingar á vinnumarkaði. Síðan á að greina hvað þau eiga sameiginlegt og hvað einkennir góð verkefni og jafnframt hvað ber að varast við skipulag slíkra úrræða. Á Íslandi voru 8 fyrirmyndardæmi valin í samstarfi við Samstarfshóp FA um menntunarræði. Fyrirmyndardæmin voru kynnt og rædd á námsstefnu þann 18. maí sem haldin var á Hilton Nordica. Á norrænum vettvangi hefur tveimur hópum verið komið á laggirnar, annar er með fjórum norrænum fræðimönnum en hinn með fulltrúum færniþróunarhópa þjóðanna fimm.

NVL á Íslandi hefur á árinu 2010 haldið tvær ráðstefnur. Þá fyrri í Keflavík um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat sem á sjötta tug sóttu. Sú síðari var haldin í samstarfi við sérfræðingahóp NVL um raunfærnimat í Reykjavík í byrjun september 2010. Á ráðstefnunni voru 15 áskoranir sem blasa



Vinnuhópur NVL í norrænu færnipróunarverkefni.

við í vinnunni við raunfærnimat á Norðurlöndunum kynntar og einnig var fjallað um mat á raunfærni á sviðum eins og í þriðja geiranum, æðri menntastofnunum og iðnaði. Þátt-takendur voru rúmlega 80.

NVL á Íslandi hefur áhrif á fullorðinsfræðslu á Íslandi, netið nær til ólíkra markhópa, fyrirtækja, stofnana, stéttar-félaga, og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Íslendingum, sem tekið hafa þátt í ýmsum viðburðum á vegum NVL á Íslandi, hefur fjölgað verulega í gegnum árin og þeir voru um 400 árið 2009.

### 3.2 Fagráð verslunar og þjónustu

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfs-menntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVP) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði

fræðslumála. Að FVP standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA).

Í samþykktum FVP segir að tilgangur þess sé að efla menntun og fræðslu meðal starfsmanna verslunar- og þjónustufyrirtækja og kynna og koma námsefni á framfæri við fræðsluaðila, fyrirtæki, starfsmenn og aðra hagsmunaaðila.

Fimmta starfsári Fagráðsins er nú að ljúka. Eftirfarandi markmið hafa verið í starfinu:

- hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og nemendanna
- vakta nýjar menntaþarfir innan greinanna og koma þeim í framkvæmd
- skapa tengingu við menntamálaráðuneytið og halda uppi hagsmunum og áframhaldandi þróun starfsnáms fyrir verslunar- og þjónustugreinar

- kynna starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks
- koma af stað námskeiðum eftir þörfum og óskum
- stuðla að og styðja við námsskrárgerð.

Helstu verkefni FVP á árinu hafa verið:

#### Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Í byrjun árs 2007 var gerður samningur milli FVP og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina (SSV) um að FVP taki að sér að sinna reglulegri starfsemi SSV. Hafa þau verkefni að mestu lotið að nýrri aðalnámsskrá framhaldsskóla. Nýtt starfsgreinaráð var skipað í byrjun árs 2010 og er formaður þess Ólafía B. Rafnsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmanna- og þjónustusviðs 365. Fyrsta verkefni nýs starfsgreinaráðs var að fara í stefnumótunavinnu og leggja línurnar fyrir starfsemina. Eitt af síðustu verkefnum fráfarandi starfsgreinaráðs var að semja um gerð námsefnis fyrir starfsnám þjónustu í verslunar- og skrifstofugreinum. FVP hefur, ásamt Ingu Karlsdóttur, fagstjóra hjá Menntaskólanum í Kópavogi, stýrt þeirri vinnu. Fyrstu drög liggja fyrir og er stefnt að því að efnið verði tilbúið til kennslu fyrir lok árs 2010.

Eins og undanfarin ár hefur FVP verið í góðu sambandi við framkvæmdaraðila Starfsnáms þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum og aðstoðað nemendur við að finna sér starfsnámsfyrirtæki, auk þess að vera einstaka fyrirtæki innan handar við framkvæmd þess.

#### ReTAiL

ReTAiL (Retail Management for Adults in Lifelong Learning) er verkefni með styrk frá menntaáætlun Evrópusambandsins. Verslunarskóli Íslands leiddi verkefnið en FVP var þátttakandi fyrir milligöngu FA. Auk Íslendinga tóku Finnar og Skotar þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins var gerð rafræns náms- efnis til kennslu í verslunarstjórnun. Um yfirfærsluverkefni var að ræða sem byggðist á að nýta fyrirbyggjandi hugmynda- og aðferðafræði til gerðar námsefnis sem nýtist öllum þátttökulöndunum. Verkefninu lauk í byrjun árs 2010 með tilrauna- kennslu nokkurra áfanga og haustið 2010 eru nokkrir áfangar í boði hjá Verslunarskólanum. Þar á meðal er áfanginn Innkaup og sala sem verður boðinn áhugasömum án endurgjalds.

#### Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum

FVP, í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar og Capacent, vann á árunum 2008–2009 að rannsókn á menntaþörf meðal stjórnenda í lægsta stjórnunarþrepi í þjónustufyrirtækjum. Rannsóknin var unnin með styrk frá Starfsmenntaráði og stýrt af Rannsóknarsetri verslunarinnar. Í rannsókninni var leitast við að greina helstu færniþætti sem krafist er að lægsta stjórnendalagið hafi vald á og hvernig þeir sjálfir og næstu yfirmenn þeirra meti færni þeirra fyrrnefndu til að beita henni. Markmiðið var að kanna hvort stjórnendur í lægsta stjórnunarþrepi búi almennt yfir þeirri færni sem krafist er af þeim og ef svo er ekki að geta þá í framhaldinu þróað fræðsluefni sem uppfyllir þarfir þeirra. Niðurstöður lágu fyrir í byrjun árs 2010 og voru gefnar út í skýrslunni *Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum*.

#### Verslunarfagnám

Verslunarfagnám var hvergi í boði veturinn 2009–2010 en þess í stað var unnið að undirbúningi raunfærnimats í bóklegum greinum námsins en áður hefur verið gerð tilraun með raunfærnimat í vinnustaðahluta þess með góðum árangri. Mímír–símennntun stýrir verkefninu en FVP hefur unnið náid sem ráðgjafi í undirbúningnum auk þess að vinna að gerð matslista sem byggjast á námskrá Verslunarfagnámsins. Aðrir samstarfaðilar eru Símei á Akureyri og Viska í Vestmannaeyjum. Talsverð vinna liggur bak við gerð matslistanna þar sem um nokkuð langt og umfangsmikið nám er að ræða sem reynir bæði á faglega þekkingu og persónulega færni einstaklingsins. Þá er hér í fyrsta sinn verið að gera færni- viðmið sem byggjast á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að raunfærnimatið hefjist haustið 2010 og verði í boði hjá Mímír–símennntun í Reykjavík, Símei á Akureyri og hjá Visku í Vestmannaeyjum. Raunfærnimatið er ætlað jafnt fyrir núverandi sem fyrrverandi starfsmenn verslunarfyrirtækja.

#### Fræðslustjóri að láni

Haustið 2009 hóf Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks að styrkja fyrirtæki til að fá til sín tímabundinn ráðgjafa til að meta þörfina fyrir fræðslu og þjálfun. Nefnist

verkefnið *Fræðslustjóri að láni*. FVP hefur séð um kynningu á verkefninu meðal fyrirtækja, samningagerð fyrir hönd sjóðsins og fylgst með framkvæmd þess. Þá hefur FVP að undanförnu unnið að gerð námleiðar fyrir starfsfólk í þjónustu og skrifstofustörfum í samstarfi við Framvegis, miðstöð símenntunar í Reykjavík. Um er að ræða eins árs nám sem skiptist í fjórar sjálfstæðar lotur sem saman mynda eina heild. Námið er ætlað fullorðnu fólki sem hefur öðlast talsverða reynslu í starfi og vill byggja ofan á fyrirliggjandi reynslu og þekkingu til að efla sig jafnt í starfi sem einkalífi með það að markmiði að geta tekist á við fjölbreyttari og flóknari störf. Gert er ráð fyrir að þetta nám verði í boði hjá Framvegis frá og með vori 2011. Mikill áhugi hefur verið fyrir verkefninu meðal fyrirtækja og hafa á annan tug þeirra fengið styrk til að greina fræðsluþörf sína og koma upp sérsniðinni fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sína.

#### UM HÖFUNDINN

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hún hefur B.A.-próf í sálfræði, kennsluréttindi frá HÍ, M.Ed.-próf í kennslufræðum frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Ingibjörg hefur unnið við fullorðinsfræðslu frá 1985 við stjórnun, kennslu og skipulagningu, m.a. hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og Tömstundaskólanum. Hún hefur einnig tekið þátt bæði í evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

#### ABSTRACT

The service contract that the Education and Training Service Centre (FA) is based on expires at the end of 2010 and is now being renewed for the next five years. This year the historic event took place that a law was passed on adult education; the new act is based on the work that has been carried out in cooperation with FA for the past few years. At the same time, the regulations of FA were changed as the Federation of State and Municipal Employees (BSRB), the Ministry of Finance and the Association of Local Authorities in Iceland became members of FA. This year the consequences of the economic crisis have shaped the operation of the centre. A cooperation group on education opportunities continued its work, the FA education programmes were adapted to job seekers, and study and vocational counselling of FA collaborators has increasingly been used by job seekers. Escalation in the further education at the FA collaborators was characteristic for this year, and more funds than ever were allocated for these projects. Work was begun on the adaptation of further education to level-based education and the Icelandic National Qualification Framework (IS-NQF) in addition to the adaptation of the operation of the centre to the new act on further education. Accreditation of prior learning has established itself within the trades; this year the transfer of the validation to new occupations started, but there much work lies ahead.